

Umhverfisstofnun
Ólafur A Jónsson
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. apríl 2012
2012040014/42-4-1
TB
jgo/tb

Leyfi til að mynda fálka, erni og þórshana, umsögn


Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 20. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Sigurðar Ægissonar um leyfi til að mynda fálka, erni og þórshana árið 2012.

Náttúrufræðistofnun telur að lágmarka eigi leyfisveitingar til myndatöku á friðuðum fuglategundum í varpi eins og kostur er vegna verndarhagsmuna tegundanna og vísar í rökstuðning í bréfum sem hafa verið send Umhverfisstofnun á þessu vori vegna samskonar mála. Í meðfylgjandi umsókn eru ekki gefnar upp neinar sérstakar ástæður fyrir umsókn um leyfi til að mynda friðaðar fuglategundir. Þar sem að ekki eru uppgefnar neinar málefnalegar ástæður fyrir ósk umsækjanda telur Náttúrufræðistofnun ekki vera forsendur til að taka afstöðu til erindisins og þ.a.l. getur stofnunin ekki mælt með leyfisveitingu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

